

Tillögur stjórnar Heimavalla hf. fyrir aðalfund sem haldinn verður þann 14. mars 2019 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík (Sal D)

Tillaga stjórnar um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári:
Stjórnin gerir tillögu um að enginn arður verði greiddur fyrir starfsárið 2018. Vísað er að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Tillaga stjórnar um endurskoðanda:

Stjórn leggur til að endurskoðunarfyrirtækið KPMG ehf. verði endurkjörinn endurskoðandi Heimavalla hf. og dótturfélaga fyrir starfsárið 2019.

Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar:

Stjórn leggur til að aðalfundur samþykki þá starfskjarastefnu sem lögð hefur verið fram og sjá má í heild sinni á fylgiskjali I með tillögum þessum.

Tillaga stjórnar um þóknun til stjórnarmanna og undirnefndar stjórnar fyrir komandi starfsár:

Stjórn leggur til að laun fyrir stjórnarsetu verði:

Stjórnarformaður: 512.500 kr.- (á mánuði)

Aðrir stjórnarmenn: 358.750 kr.- (á mánuði)

Að auki leggur stjórn til að laun fyrir setu í endurskoðunarnefnd verði:

Formaður: 76.875 kr.- (á mánuði)

Aðrir nefndarmenn: 51.250 kr.- (á mánuði)

Tillaga stjórnar um heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimild stjórnar skuli gilda í 18 mánuði og takmarkast við 10% af hlutafé félagsins:

„Stjórn Heimavalla hf. leggur til við aðalfund haldinn 14. mars 2019 að félaginu verði heimilt að kaupa allt að 10% af eigin hlutafé. Kaup eigin hluta skulu fara fram í samræmi við skilyrði 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Heimild þessi gildir næstu 18 mánuði frá samþykki aðalfundar.“